

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Menningar- og minningarsjóð kvenna, sem staðfest var 31. október 1989 nr. 525.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

1. gr. orðist svo:

Nafn sjóðsins er Menningar- og minningarsjóður kvenna.

Heimili sjóðsins er að Túngötu 14 í Reykjavík.

4. gr. orðist svo:

Tilgangur sjóðsins er að vinna að mennta- og menningarmálum kvenna:

- a. Með því að styðja konur til framhaldsmenntunar, héraendar og erlendar, m.a. með náms- og ferðastyrkjum. Einnig með því að styðja konur til náms á framhaldsskólastigi t.d. styttra náms til starfsréttinda.
- b. Með því að styðja konur til framhaldsrannsókna, að loknu námi, og til náms og ferðalaga til undirbúnings þjóðfélagslegum störfum, svo og til sérnáms í ýmsum greinum.
- c. Með því að veita konum styrk til ritstarfa eða verðlauna ritgerðir, einkum um þjóðfélagsmál er varða áhugamál kvenna.

Komi þeir tímar, að konur og karlar fái sömu laun fyrir sömu vinnu og sömu aðstæður til menntunar, efnislega, lagalega og samkvæmt almenningsáliti, þá skulu bæði kynin hafa jafnan rétt til styrkveitinga úr sjóði þessum.

6. gr. orðist svo:

Heimilt er að verja vaxtatekjum og verðbótum til styrkveitinga og reksturs sjóðsins.

9. gr. orðist svo:

Styrkveitingar úr sjóðnum skulu fara fram einu sinni á ári. Stjórn sjóðsins ákveður umsóknarfrest og úthlutunardag styrkja.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Menningar- og minningarsjóð kvenna staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 9. maí 2008.

Ríkarður Másson.

Helgi Már Ólafsson.